



Kennsluáætlun – Skólaárið 2019-2020

Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði

Bekkur: 1. bekkur

Kennari: Sigríður Silja Sigurjónsdóttir

Námsefni:

- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Aðgát í umferðinni
- Komdu og skoðaðu líkamann
- Komdu og skoðaðu land og þjóð
- Húsdýrin
- Ýmis ljósrituð blöð

Bækur:

- **Komdu og skoðaðu umhverfið.** Kennsluefnið samanstendur af nemendabók og fjölbreyttu námsefni á vef. Fjallað er um umhverfi í víðu samhengi, bæði manngert og náttúrulegt. Skoðaðar eru algengar lífverur, form í umhverfinu og fleira.
- **Aðgát í umferðinni.** Kennsluefnið samanstendur af nemendabók og fjölbreyttu námsefni af vef. Fjallað er um helstu umferðarreglurnar, hvernig er best að sjást í umferðinni, ásamt því að hin ýmsu umferðarmerki eru kynnt, mikilvægi endurskinsmerkja, o.fl.
- **Komdu og skoðaðu líkamann.** Kennsluefnið samanstendur af nemendabók og fjölbreyttu námsefni á vef. Fjallað er um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir.
- **Komdu og skoðaðu land og þjóð.** Fjallað er um landið okkar í víðu samhengi, farið verður sérstaklega í þjóðsönginn, þjóðhátíðardaginn og þjóðfánann.
- **Húsdýrin.** Fjallað um húsdýr á Íslandi.
- **Ýmis ljósrituð blöð.** M.a. um okkur sjálf, kosti okkar, tilfinningar, hugsanir...

Helstu kennsluáferðir: Innlagnir á töflu, einstaklings- og hópavinna, útikennsla, stöðvavinna og umræður.

Samþætting námsgreina: Samþætt að einhverju leiti við íslensku og stærðfræði.

Námsmat: Vinna og virkni í tímum, umsögn í lok skólaárs.